

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 44/1999 um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

#### 1. gr.

Við 12. grein bætist nýr stafliður sem er svohljóðandi:

#### **G. Sérstakt þjónustuframlag vegna fatlaðra barna á leikskólum.**

Heimilt er að verja árlega hluta af þeirri fjárhæð sem rennur til þjónustuframlaga samkvæmt þessari grein í sérstök framlög til sveitarfélaga með færri en 2000 íbúa vegna fatlaðra barna á leikskólum. Um íþyngjandi kostnað verður að vera að ræða til að sveitarfélagi sé veitt framlag og að fötlun barna sé í samræmi við 2. gr. laga nr. 59/1992 um mál-efni fatlaðra. Rággjafarnefnd Jöfnunarsjóðs setur nánari vinnureglur um úthlutun slíkra framlaga og leitar umsagnar Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins við afgreiðslu umsókna.

Sveitarfélög sækja um framlög samkvæmt þessum lið fyrir 1. nóvember vegna yfirstandandi árs og fer greiðsla árlegs framlags fram samhliða lokagreiðslu þjónustuframlags skv. F hluta þessarar greinar.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er á grundvelli laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Þrátt fyrir ákvæði í seinni málsgrein 1. greinar skulu sveitarfélög sækja um framlög vegna ársins 1999 fyrir 15. febrúar á árinu 2000.

*Félagsmálaráðuneytinu, 28. desember 1999.*

**Páll Pétursson.**

*Húnbogi Þorsteinsson.*

## GJALDSKRÁ

### vegna sorphirðu fyrir Blönduóssbæ.

#### 1. gr.

Bæjarstjórn Blönduóss er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 2000.

#### 2. gr.

Bæjarstjórn Blönduóss hefur ákveðið grunngjald vegna sorphirðu, kr. 6.500, árgjald sem er grundvallað á því að einu sinni í viku sé einn sorppoki hirtur og urðaður frá hverju heimili. Gjald þetta er innheimt samhliða fasteignagjöldum.

#### 3. gr.

Bæjarstjórn Blönduóss innheimtir sorpeyðingargjald hjá þeim fyrirtækjum, stofnunum og öðrum sem nota urðunar- og söfnunarsvæði bæjarins.

Gjaldendum er skipt í flokka, samkvæmt ákvörðun bæjarráðs, miðað við áætlaðan úrgang frá hverju fyrirtæki og/eða starfsstöðum þeirra.